

Áhyggjur frumgreinadeildarnema Tækniháskóla Íslands við sameiningu HR og THÍ

Ég var á hinu háa alþingi þegar 1. umræða um afnám laga um Tækniháskólann fór fram og vil ég þakka Kolbrúnu Halldórsdóttur, Einari Má Sigurðssyni og Björgvini G. Sigurðssyni fyrir auðsýndan stuðning okkar frumgreinadeildarnema, því miður þurfti ég að fara áður en fundi var slitið og vil ég því líka koma þakklæti til þeirra er gerðu slíkt hið sama.

Hér með óska ég áheyrnar menntamálanefndar sem ég tel og vona að fari með breytingartillögur þessa umræðuefnis.

Meðfylgjandi er bréf sem fer í stórum dráttum yfir þau áhyggjuefni er hvíla á frumgreinardeildarnemum.

Virðingarfyllst

Gunnar Hall

Fulltrúi frumgreinardeildar

S: 898-1675

gunnarhh@thi.is

FRUMGREINAEILD Á FLÆÐISKERI

Miðað við þær fyrirætlanir, sem hið nýja háskólaráð mun halda af stað með, ef að frumvarp til laga um afnám THÍ mun verða samþykkt, þá sé ég ekki annað í hendi mér en að hið háa alþingi sé að skella hurð á nef frumgreinadeildarnema. Áframhaldandi nám við tæknideildir verður á allt öðrum forsendum heldur en lagt var af stað með. Þar sem háskólaráð hins nýja skóla er búið að gefa það út að frumgreinadeildarnemar sem eru búnir að leggja allt sitt taust á ríkið, þurfi að borga skólagjöld ætli þeir sér að stunda nám við hinn nýja skóla. Flest allir nemar í frumgreinadeild skólans stefna á áframhaldandi tækninám eftir eins til tveggja ára nám í undirbúningsdeild skólans og þegar við vorum farin að sjá tækninámið handan við hornið, þá er þessu skellt framan í okkur eins og blautri tusku, þ.e.a.s. ef við ætlum að leggja stund á tækni nám þá þurfum við að flýja land eða skrá okkur í rándýran einkaskóla sem verður að teljast allsvakalegar breytingar á forsendum frá því við byrjuðum okkar nám. Þess ber einnig að geta að allar aðrar deildir skólans fá að ljúka námi til starfsréttinda skólagjaldalaust. Það er glufa í þessu þar sem segir að skipti nemendur um braut teljist þeir búnir að afsala sér rétti sínum til náms án skólagjalda og er það gott og vel. En við getum ekki séð annað en að við sem förum í frumgreinadeild erum bara að taka tækninám á einu til tveimur árum lengri tíma en hinir. Svo ég vitni í frumvarp til laga um afnám THÍ:

"1. gr.

Lög um Tækniháskóla Íslands, nr. 53/2002, með síðari breytingum, falla úr gildi.

Nemendur sem við gildistöku laga þessara eru í námi við Tækniháskóla Íslands eiga rétt á að ljúka því námi samkvæmt því námsskipulagi sem í gildi er við skólann miðað við gildandi reglur um námsframvindu."

Og:

"Í samræmi við framangreint gerir 1. gr. frumvarpsins ráð fyrir að núgildandi lög um Tækniháskóla Íslands verði felld úr gildi. **Jafnframt tryggir ákvæðið rétt þeirra nemenda sem eru nú í námi við Tækniháskóla Íslands á þann hátt að þeir eiga rétt á að ljúka námi samkvæmt því námsskipulagi sem í gildi er og á sömu forsendum."**

Ætla ég rétt að vona að alþingi sjái sér fært að huga að hagsbótum þeirra nemenda sem traust sitt hafa lagt á ríkið og margir hverjir tekið mikla áhættu hvað tekju missi og framtíð fjölskyldu varðar, og grípi fram fyrir hendur hinns nýja háskólaráðs og leyfi okkur að klára nám til starfsréttinda á þeim forsendum sem við lögðum upp með.

Virðingarfyllst.

Gunnar Hall

Fulltrúi frumgreinadeildar THÍ